

ef þurfa þykir, og skipa nákvæmar fyrir um það. Sektum varðar ef brotið er gegn þeim ákvörðunum sveitarstjórnar. **74** 10. júlí

32. grein.

Alla reikninga yfir kostnað, sem um er talað í reglugjörð þessari, skal hlutaðeigandi sveitarstjórn rannsaka og laga, ef þörf þykir og samþykkja síðan, áður en borgað sje eptir þeim. Tekur sveitarstjórn kvittun fyrir allt það, sem borgað er af sveitarsjóði.

33. grein.

Öll afbrigði frá reglum, sem settar eru í reglugjörð þessari, varða sekt-um eptir málavöxtum, hvort sem þær eru nefndar hjer að framan eða eigi. Sektir skal ákveða minnst 2 kr., mest 200 kr. Uppljóstarmaður fær allt að helmingi sektarfjárins.

Með afbrot gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

34. grein.

Nú ris ágreiningur út af ákvæðum reglugjörðarinnar og varðar ágrein- ingurinn Seyðisfjarðarkaupstað, skera þá sýslunefndin og bæjarstjórnin úr á- greiningnum á sameiginlegum fundi og ræður þar afl atkvæða.

35. grein.

Allar eldri reglugjörðir um fjallskil og refaveiðar í Norður-Múlasýslu, eru með reglugjörð þessari úr gildi feldar.

Framanrituð reglugjörð sem er samin af sýslunefndinni í Norður-Múla- sýslu og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, var staðfest og löggilt samkvæmt lögum nr. 14 22. marz 1890 af amtsráði Austuramtsins á aðalfundi þess 28.—30. júní, og skal hún öðlast gildi 15. sept. 1902.

Íslands Austuramt
Akureyri 10. júlí 1902.
Páll Briem.

Reikningur

75
21. júní

»Ekknasjóðs drukknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu« 1901.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun:

a. Veðskuldabryjef	kr. 100 00
b. Í Söfnunarsjóði	— 2618 5
c. Í vörzlum gjaldkera (þar með taldir útborgun- arvextir 1900 í Söfnunarsjóði 100 kr. 37 a.) .	— 119 02
	kr. 2837 55

2. Tekjur á árinu 1901.

a. Gjafir:	
Frá Jóni Jónssyni í Tjörn . . .	kr. 2 00
Flyt: . . .	kr. 2 00
	kr. 2837 55

75
21. júní

	Flutt:	kr. 2 00	kr. 2837 55
Frá Oddg. kaupm. Ottesen	kr. 5 00		
— Kr. Daníelssyni	— 1 00	kr. 8 00	
b. Vextir:			
Af veðskuldabrjefi til 11. júní 1900	kr. 4 00		
— ——— frá 11. júní 1900			
til borgunardags 1901	— 3 40		
Viðlagðir vextir 1901 í Söfnunarsjóði	— 2 00		
Útborgunarvextir 1901	— 105 99	— 115 39	— 123 39
3. Borgað veðskuldabrjef		—	100 00
			kr. 3060 94

Gjöld:

1. Úthlutað á árinu 1901:			
Ekkju Vilborgu Oddsdóttur	kr. 35 00		
— Guðrúnu Jónsdóttur	— 25 00		
— Valgerði Þorsteinsdóttur	— 35 00	kr. 95 00	
2. Til jafnaðar við gjöldl. 3.		—	100 00
3. Sjóður við árslok:			
a. Í Söfnunarsjóði	— 2755 95		
b. Í vörzlum gjaldkera (þar með taldir útborgunarvextir 1901 í Söfnunarsjóði: 105 kr. 99 a.)	— 109 99	— 2865 94	
			kr. 3060 94

Í stjórn »Ekknasjóðs drukknadra manna í Borgarfjarðarsýslu»

Akranesi 21. júní 1902.

Sigurður Þórðarson. Jón Sveinsson. Hallgr. Jónsson.

Jón Sigurðsson. Oddg. Ottesen.

Alþingiskosningar í júní 1902:

Fyrir Vesturskaptafellssýslu: Guðlaugur sýslumaður Guðmundsson, kosinn með 58 atkvæðum. Fleiri greiddu ekki atkvæði.

Fyrir Vestmannaeyjasýslu: Jón landshöfðingjaritari Magnússon, kosinn með 28 atkvæðum af 51.

Fyrir Rangárvallasýslu: Eggert prestur Pálsson, kosinn með 226 atkvæðum og Sighvatur dannebrogsmáður Arnason, kosinn með 213 atkvæðum; alls greiddu 385 atkvæði.

Fyrir Árnessýslu: Hannes ritstjóri Þorsteinsson, kosinn með 189 atkvæðum, og Eggert bóndi Benediktsson, kosinn með 169 atkvæðum; alls greiddu 282 atkvæði.

Fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu: Björn kaupmaður Kristjánsson, kosinn með 215